

Reglugjörð

fyrir forðagæslumenn í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Tala forðagæslumanna í hverjum hreppi skal vera :

Í Þorkelshólshreppi	3
- Þverárhreppi	3
- Kirkjuhvammshreppi	2
- Ytri-Torfustaðahreppi	2
- Fremri-Torfustaðahreppi	2
- Staðarhreppi	2

2. gr.

Eftirlitsferðir þær, er um getur í 3. gr. laga um forðagæslu frá 10. nóvbr. 1913, skal forðagæslumaður framkvæma: hina fyrri frá 1.—20. nóv., en hina síðari 1.—20. mars.

3. gr.

Forðagæslumaður skal skoða allan búpening í hinum fyrirskipuðu eftirlitsferðum og að vorinu, þegar að því er komið eða um það bil að honum er slept úr húsi. Í öllum þessum ferðum skal hann telja allan búpening á hverju heimili, hverja tegund útaf fyrir sig, nautgripi, sauðfje, hross o. s. frv., og færa á skýrslu í forðagæslubók.

4. gr.

Forðagæslumaður skal kynna sjer sem best má verða fódurmagn og fódurgæði, er hverri tegund og tölu búpenings er ætlað, gera áætlun um hve mikið fódur, eftir gæðum fódursins, hver einstakur íbúi hreppsins á því svæði, er hann hefir til eftirlits, muni þurfa fyrir þann fjenað, er hann setur á vetur, til þess að vera birgur til fardaga þó hart verði.

5. gr.

Mæla skal forðagæslumaður öll hey í hinum fyrirskipuðu eftirlitsferðum og heyfirningar að vorinu — í kúbikmetrum — og færa sundurliðaða skýrslu um fódurbirgðir og fyrningar inn í forðagæslubók, samkvæmt fyrirskipuðu formi.

111

22. okt.

6. gr.

Ef forðagæslumaður álitur að búpeningi einhvers sje ekki ætlað nægilega mikið eða gott fóður, eða hann álitur ávant hvað hirðingu og húsrúm snertir, skal hann áminna hlutaðeiganda um að bæta úr því, sem áfátt kann að vera. Jafnframt skal hann gefa þau ráð og bendingar, er hann telur þurfa.

7. gr.

Forðagæslumaður getur heimtað, að allir þeir, er búpening hafa undir hendi, hvort heldur er til fóðurs eða í haga, hafi hann viðlátinn til skoðunar á þeim tíma, er forðagæslumaður til tekur.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari eða fyrirskipunum forðagæslumanns varða sektum samkvæmt 12. gr. laga um forðagæslumenn 10. nóv. 1913.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 22. okt. 1914.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.